

Hlutfall kjöts, fitu og beina í lambakjöti - Efnainnihald lambakjöts og hliðarafurða

Meat, fat, and bone ratio of Icelandic lamb -
Chemical composition of lamb meat and side products

Óli Þór Hilmarsson
Ólafur Reykdal
Guðjón Þorkelsson
Helgi Briem
Hafliði Halldórsson



Matvælasjóður

Skýrsla/Report Matís nr. 22-23

December 2023
ISSN 1670-7192
DOI nr. 10.5281/zenodo.10390496



<i>Titill / Title</i>	Hlutfall kjöts, fitu og beina í lambkjöti – Efnainnihald lambkjöts og hliðarafurða / Meat, fat and bone ratio of Icelandic lamb. Chemical composition of lamb meat and side products		
<i>Höfundar / Authors</i>	Óli Þór Hilmarsson, Ólafur Reykdal, Guðjón Þorkelsson, Helgi Briem og Hafliði Halldórsson		
<i>Skýrsla / Report no.</i>	22-23	<i>Útgáfudagur / Date:</i>	Desember 2023
<i>Verknr. / Project no.</i>	62754		
<i>Styrktaraðilar /Funding:</i>	Matvælasjóður / Icelandic Food Innovation Fund		

<p>Ágrip á íslensku:</p>	<p>Í verkefninu var gerð úttekt á hlutfalli kjöts, fitu og beina í lambakjöti. Í úttektina voru valdir skrokkar úr kjötmatsflokkunum O-2, R-2, R-3, U-2, U-3, U-3+, og E-3, níu skrokkar úr hverjum matsflokki, alls 63 skrokkar. Skrokkar úr þessum flokkum ná yfir 92% framleiðslunnar miðað við skiptingu í kjötmatsflokka árið 2021. Skrokkar voru valdir á þremur mismunandi sláturdögum, í tveimur sláturhúsum, norðanlands og sunnan, með þeim hætti að fagsviðsstjóri kjötmats hjá Matvælastofnun, valdi alla skrokka og staðfesti að hver skrokkur væri hefðbundinn skrokkur í sínum matsflokki en ekki á mörkum flokksins. Daginn eftir slátrun var skrokkunum skipt í tvennt. Öðrum helmingi var skipt í læri, frampart, slag og hrygg samkvæmt hefðbundinni skiptingu, en hinum helmingunum var skipt í þrjá þyngdarflokka, léttir undir 14,5 kg, miðlungs 14,5 – 16,8 kg og þungir 16,9 – 19,0 kg. Helmingarnir voru síðan partaðir á mismunandi hátt, þar sem hlutar fóru í hinar ýmsu afurðir. Nákvæmisúrbeiningu var beitt fyrir báða helminga lambaskrokkanna til að finna skiptingu hinna ýmsu stykkja og afurða á kjöt, fitu, bein og sinar. Rýrnun var einnig fundin vegna taps við úrbeiningu.</p> <p>Kjötnýting (kjöthlutfall) fyrir lambaskrokkana í heild var 59,0 (50,7-67,3)%, fituhlutfall var 16,2 (9,7-28,0)%, hlutfall beina var 17,7 (13,4-22,1)% og hlutfall sina var 6,3 (4,4-8,1)%. Rýrnun við nákvæmisúrbeiningu var 1,1 (0,0-2,5)%. Meðalkjötnýtingin var hæst í matsflokknum U-2 nema fyrir framparta þar sem nýtingin var heldur hærri í E-3. Innan holdfyllingarflokkanna U og R kom glöggt fram hvernig hlutfall fitu breytist í samræmi við skilgreiningar á fituflokkum.</p> <p>Hlutfall kjöts, fitu og beina í mismunandi gæðaflokkum staðfestir að kjötmatið er raunhæft og í samræmi við skilgreiningar sem liggja að baki matinu.</p> <p>Hlutföll kjöts, fitu, beina, sina og rýrnunar voru fundin fyrir 30 lambakjötsafurðir úr völdum þyngdarflokkum. Hátt kjöthlutfall fékkst fyrir læri án kjúku, mjaðmabeins og rófubeins úr þungum skrokkum (74%) og læri með skanka án mjaðmar bæði úr léttum og miðlungs skrokkum (69%).</p> <p>Mælingar voru gerðar á næringarefnum í lambakjötsstykkjum og lambakjötsafurðum. Þungmálmamælingar voru gerðar á lambakjötsstykkjum. Þessar niðurstöður munu nýtast við merkingar umbúða og við upplýsingagjöf til neytenda og söluaðila. Lambakjötið var það ríkt af B₁₂-vítamíni, fólát vítamíni, kalíum og sinki að leyfilegt er að merkja þessi efni sem hluta af næringargildismerkingu kjötsins á umbúðum. Þungmálmarnir kvikasilfur, kadmín, blý og arsen voru ekki mælanlegir í kjötinu, þ.e. voru undir þeim mörkum sem mögulegt var að mæla með öryggi. Þessi mörk eru mjög lág og því er mögulegur styrkur þungmálma afar lágur.</p> <p>Sýnataka á lambainnmat og öðrum hliðarafurðum fór fram í þremur sláturhúsum, hjá SS á Selfossi, KS á Sauðárkróki og Norðlenska á Húsavík. Sýna var aflað af lifrum, nýrum, hjörtum, lungum, eistum, vélinda, brisi, milta, og blóði. Efnamælingar voru gerðar á völdum næringarefnum og þungmálmum. Lambainnmatúrinn og hliðarafurðirnar eru auðugar af járn og seleni en þessi efni eru mikilvæg næringarefni. Öll sýnin ná marktæku magni af seleni. Þegar um marktækt magn er að ræða er merking á umbúðum matvæla leyfileg samkvæmt merkingareglugerð. Flest sýnin náðu marktæku magni af járn. Þungmálmurinn kadmín var mælanlegur í lifur og nýrum en ekki öðrum sýnum. Kvikasilfur, blý og arsen voru ekki mælanleg í sýnunum, þó með þeirri undantekningu að kvikasilfur í nýrum var mælanlegt.</p> <p>Niðurstöður efnamælinga kalla á athygli og endurbætur á merkingum og upplýsingagjöf.</p>
<p>Lykilorð á íslensku:</p>	<p>Lambakjöt. Innmatur. Hliðarafurðir. Hlutfall kjöts, fitu og beina. Næringargildi. Þungmálmur.</p>

<p><i>Summary in English:</i></p>	<p>Muscle, fat and bone ratios of Icelandic lamb meat, were studied. Carcasses from the EUROP grades: O-2, R-2, R-3, U-2, U-3, U-3+, and E-3 were selected, nine carcasses from each grade, a total of 63 carcasses. Carcasses from these grades represent 92% of the lamb meat production in Iceland as reported for 2021. Carcasses were selected during three slaughtering days, in two slaughterhouses in north and south Iceland. The grade classifications of carcasses were confirmed by a specialist from the Icelandic Food and Veterinary Authority.</p> <p>The carcasses were divided into halves the day after slaughtering. One half was divided into traditional leg, forequarter, saddle, and flank. The other half was used for study of various cuts, where each product was made from one of three selected carcass weight ranges: light carcasses below 14.5 kg, medium carcasses 14.5-16.8 kg and heavy 16.9-19.0 kg. Boning was carried out on all products and dissection yields were reported (meat, fat, bones, tendons). Wastage due to cutting, and boning was reported.</p> <p>Tissue ratio for whole lamb carcasses were on average 59% meat, 16% fat, 18% bones, and 6% tendons. Wastage during thawing and cutting was 1,1%. The meat yields were highest for grade U-2, except for forequarter which had a bit higher meat yield for grade E-3. For grades U and R, it was clear that fat yields were related to the definitions of fat thickness for the grade subgroups 2, 3 and 3+.</p> <p>Dissection yields were reported for meat, fat, bones, and tendons in 30 meat products made from carcasses of different weights. Highest meat yields were for leg products (74% and 69%).</p> <p>Selected nutrients were analysed in legs, forequarters, saddles, flanks, and several other cuts. The results will be used for labelling and dissemination. Lamb meat was rich in vitamin B₁₂, folate, potassium, and zinc. These nutrients can be used for nutrition declarations of the meat. The heavy metals mercury, cadmium, lead and arsenic were not detected (were below the detection limits) in lamb meat. The detection limits were very low.</p> <p>Sampling of lamb side-products were carried out in three slaughterhouses, at Selfoss, Sauðárkrókur and Húsavík. The following side-products were sampled: Liver, kidneys, heart, lungs, testis, esophagus, pancreas, spleen, and blood. Selected nutrients and heavy metals were analysed. The side-products were generally rich in selenium and iron which can be used for nutrition declarations in most cases. The heavy metal cadmium was reported for liver, and kidneys, cadmium was however not detected in other side-products. Mercury was only detected in kidneys. Lead and arsenic were not detected in the side-products.</p>
<p><i>English keywords:</i></p>	<p><i>Lamb meat cuts. Side-products. Meat, fat, bone ratios. Nutrient value. Heavy metals.</i></p>

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Sýnataka og aðferðir	5
2.1	Sýnasöfnun.....	5
2.2	Nákvæmisúrbeining	7
2.3	Sýnavinnsla fyrir efnamælingar	9
2.4	Aðferðir við efnamælingar	11
2.5	Tölfræðigreining.....	13
3	Niðurstöður – Nákvæmisúrbeining	14
3.1	Lambakjötsstykki.....	14
3.2	Lambakjötsafurðir	24
4	Niðurstöður - Efnainnihald	34
4.1	Lambakjötsstykki.....	34
4.2	Lambakjötsafurðir	42
4.3	Lambainnmatur og hliðarafurðir	44
5	Lokaorð og þakkir	47
6	Heimildir	48
	Viðauki 1 - Nákvæmisúrbeining lambakjötsstykkja – Þyngd (grömm)	49
	Viðauki 2 - Nákvæmisúrbeining lambakjötsstykkja – Hlutföll (%)	59
	Viðauki 3 - Tölfræðigreining	69
	Viðauki 4 - Fitusýrur	75
	Viðauki 5 – Merking næringargildis.....	81

1 Inngangur

Íslensk sauðfjárrækt hefur aukið framleiðni sína um það bil 30% í kjötmagni á hverja kind á síðustu 20 árum og lækkað kolefnaspor á kg kjöts um 25-30% á sama tíma. Miðlæg gagnaskráning í íslenskri sauðfjárrækt er grundvöllur framfara í ræktun og búskap, hún er sú viðamesta í evrópskri sauðfjárrækt og sýnir að magn afurða á hverja kind er hæst hérlendis í álfunni. Búgreinin hefur aukið framleiðni og gæði af mikilli elju á síðustu áratugum með aukinni þekkingu og stórfelldum kynbótum. En endurgjald fyrir þessar framfarir hefur langt í frá skilað sér til bænda (Jóhannes Sveinbjörnsson og Daði Már Kristófersson 2021).

Flokkun og eðlisgerð lambaskrokka eftir evrópsku EUROP kjötmati hefur tekið stórfelldum breytingum vegna kynbóta. EUROP er samræmt evrópskt kjötmatskerfi sem íslenskt kjötmat hefur notað frá 1998. Rannsóknir á hlutun lambakjöts hafa verið mjög takmarkaðar. Aðeins ein úttekt náði til EUROP kjötmatsins og var hún unnin á árunum 2003-2004 (Ásbjörn Jónsson og Óli Þór Hilmarsson, 2007). Niðurstöðurnar hafa verið birtar í Íslensku kjötbókinni.¹ Árið 2002 fóru 36,6% framleiðslunnar í O flokk og 52% í R flokk. Í sláurtíð 2018 fóru einungis 6,8% framleiðslunnar í O flokk, 56% í R flokk og 32,5% í U flokk. Til samanburðar þá fóru 8,68% í U flokk árið 2002. Á þessum samanburði sést einna best hvað ræktunin hefur áorkað en þá líka að skortur er á sannreyndum upplýsingar um þá flokka sem algengastir eru í dag en lambaskrokkarnir eru nú fremur þungir, vöðvamiklir og fitulitlir. Með stærri og vöðvameiri skrokkum skapaðist tækifæri til annarskonar nýtingar en verið hafði. Vörur eins og mjaðmasteik, ribeye, prime og innralærisvöðvar eru orðnir algengar í verslunum en voru nánast óþekkt fyrirbæri árið 2002.

Efnainnihald lambakjöts og hliðarafurða er byggt á gömlum gögnum eins og glöggt má sjá í Íslenska gagnagrunninum um efnainnihald matvæla (ÍSGEM).² Rannsóknir á markaði sýna mikinn áhuga neytenda á sannreyndum upplýsingum um íslenskar afurðir og matvörur. Gögn til að mæta þessum kröfum þarfnast nauðsynlega uppfærslu.

Íslenskum lömbum er slátrað á aldrinum 4-6 mánaða en það er sérstaða í alþjóðlegum samanburði þar sem lömbum er víðast hvar slátrað allt að 12 mánaða gömlum. Skortur á nýjum og uppfærðum gögnum um lambakjöt hamlar vöruþróun og markaðsstarfi á innanlandsmarkaði og á útflutningsmörkuðum. Miðlægar upplýsingar um nýtingarhlutföll lambaskrokka eru verulega úreltar vegna breyttrar samsetningar lambaskrokka samhliða stórstígum framförum í kynbótum síðastliðin 20 ár.

¹ [Lambakjöt « Kjötbókin \(kjotbokin.is\)](http://kjotbokin.is)

² [Íslenski gagnagrunnurinn um efnainnihald matvæla \(ÍSGEM\) - Matís \(matis.is\)](http://mat.is)

Með því að leggja fram gögn sem verða til í verkefninu er öllum afurðastöðvum í sauðfjárslátrun, auk úrvinnslufyrirtækja, nýsköpunarfyrirtækjum, smásölu og annarra hagsmunaaðila, svo sem bænda sem stunda heimavinnslu og annarra smáframleiðenda, færð nákvæm gögn sem auka hagræði, áætlanagerð, kostnaðar- og framlegðarútreikninga við úrvinnslu og mat á afurðaverði. Smáframleiðendur í nýsköpun sem nýta m.a. innmat lamba til framleiðslu á fæðubótarefnum hafa ríka þörf fyrir uppfærð og nákvæm gögn um efnainnihald hráefna, til staðfestingar á næringarinnihaldi og hollustu afurða sinna. Smásöluverslanir, sérvæslanir, veitingahús, stofnanir og mótuneyti munu einnig geta nýtt gögnin til hagsbóta í rekstri og endurmats á merkingum um næringarinnihald. Niðurstöðurnar nýtast einnig til kennslu og rannsókna í landbúnaði, kjötiðnaði og matreiðslu.

Vægi hliðarafurða í tekjugrunni greinarinnar er eitt stærsta tækifæri framtíðarinnar. Fyrirtæki sem nýta hliðarafurðir í verðmætar vörur til mannelis hafa á sl. áratug rutt sér rúms héraendis sem erlendis. Þau framleiða að jafnaði verðmætar vörur úr hráefnum sem hafa verið vannýtt og jafnvel urðuð. Öll gögn sem staðfesta fullyrðingar um hreinleika afurða og hátt gildi nauðsynlegra næringarefna eru því afar mikilvæg. Dæmi um afurðir lamba sem geta vaxið í verðmæti um tugi og jafnvel hundruð prósentu eru lifur, nýru, hjörtu, bein, beinmergur, blóð, fita, vambir, garnir, lungu og eistu.

Lambakjötsmat

Á Íslandi er allt lambakjöt metið í sláturhúsum af kjötmatsmanni. Flokkunarkerfið er samræmt, evrópskt matskerfi, þar sem kjöt er flokkað eftir vaxtarlagi og holdfyllingu annars vegar og eftir fitustigi hins vegar. Við fituflokkun er stuðst við mælingar á fituþykkt á síðu við næstaftasta rif u.þ.b. 11 cm frá miðlínu hryggjar. Nánari upplýsingar má finna í reglugerð 500/2017 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða.³ Lýsing hinna einstöku matsflokka er eftirfarandi:

Vaxtarlags- og holdfyllingarflokkar

E: Ágæt holdfylling. Allar útlínur mjög kúptar.
 U: Mjög góð holdfylling. Útlínur að mestu kúptar.
 R: Góð holdfylling. Útlínur að mestu beinar.
 O: Sæmileg holdfylling. Útlínur nokkuð hvolfar.
 P: Rýr holdfylling. Útlínur allar íhvolfar eða mjög íhvolfar.

Fituflokkar

1: Mjög lítil fita.	Síðufita <5 mm
2: Lítil fita.	Síðufita <8 mm
3: Eðlileg fita.	Síðufita <11 mm
3+: Mikil fita.	Síðufita <14 mm
4: Mjög mikil fita.	Síðufita <18 mm
5: Óhóflega mikil fita.	Síðufita >18 mm

³ [500/2017 – Reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða. \(island.is\)](https://www.island.is/500/2017-Reglugerð-um-gæðamat-flokkun-og-merkingu-sláturafurða)

Verkefnið

Úttekt var gerð á nýtingarhlutföllum innan kjötmatsflokka lambaskrokka og efnainnihaldi kjöts og hliðarafurða sem eru vaxandi verðmæti. Verkefninu er ætlað að uppfæra alls úrelt gögn og vista í opinberum gagnagrunnum.

Í úttektina voru valdir skrokkar úr kjötmatsflokkunum O-2, R-2, R-3, U-2, U-3, U-3+, og E-3, níu skrokkar úr hverjum matsflokki, alls 63 skrokkar. Skrokkar úr þessum flokkum, náðu yfir 92% framleiðslunnar miðað við skiptingu í kjötmatsflokka árið 2021.

Skrokkar voru valdir á þremur mismunandi sláturdögum, í tveimur sláturhúsum, norðanlands og sunnan, með þeim hætti að fagsviðsstjóri kjötmats hjá Matvælastofnun, valdi alla skrokka og staðfesti að hver skrokkur væri hefðbundinn skrokkur í sínum matsflokki en ekki á mörkum flokksins. Daginn eftir slátrun var skrokkunum skipt í tvennt. Öðrum helmingi var skipt í læri, frampart, slag og hrygg samkvæmt hefðbundinni skiptingu en hinum helmingunum var skipt í þrjá þyngdarflokka, léttir undir 14,5 kg, miðlungs 14,5 – 16,8 kg og þungir 16,9 – 19,0 kg. Helmingar voru síðan partaðir á mismunandi hátt, þar sem hlutar fóru í hinar ýmsu afurðir.

Skortur á nýjum og uppfærðum gögnum um nýtingu og næringargildi var farinn að há markaðsstarfi þar sem hagaðilar innanlands sem utan óska gagna til að miðla til viðskiptavina sinna. Hraðar framfarir í ræktun og breytt samsetning lambaskrokka er hér lykilatriði. Markmið verkefnisins er að miðla til allrar virðisikeðjunnar hagnýtum og traustum upplýsingum um næringar- og efnainnihald, auk gagna um hlutun skrokka ásamt nýtingarmöguleikum.

Afurðastöðvar og íslensk nýsköpunarfyrirtæki verða fyrstu notendur nýrra rannsóknargagna, auk erlendra samstarfsaðila Icelandic Lamb ehf sem selja íslenskt lambakjöt á erlendum háenda mörkuðum. Erlendir samstarfsaðilar benda á að upplýsingar um lambakjöt sem íslensk fyrirtæki tilfinnanlega skorti, séu ávallt tiltækar hjá samkeppnisaðilum okkar.

Verkefninu var skipt í eftirfarandi verkþætti: (1) Þarfagreining. (2) Sýnataka í afurðastöðvum. (3) Nákvæmisúrbeining og nýtingarhlutföll lambaskrokka. (4) Efnamælingar á lambakjötsstykkjum, lambakjötsafurðum, innmat og hliðarafurðum. (5) Skýrsluskrif. (6) Kynning niðurstaðna.

Verkefninu er ætlað að stórauka upplýsingar um hliðarafurðir sem er sá sproti í virðisikeðjunni sem á hvað mest inni á vettvangi heilsusamlegra matvæla og fæðubótarefna. Megnið af þessum afurðum hefur hingað til farið á hrakvirði í dýrafóður, á örfáa tugi króna á kg eða til urðunar með tilheyrandi

kostnaði. Urðun sláturúrgangs er bannaður, þrátt fyrir útgefna fresti til skamms tíma. Mikil þörf er því fyrir skynsamlega nýtingu og háværkun á verðmæti þessara afurða í hringrásarhagkerfinu.

Gögn um nýtingarhlutföll lambaskrokka og afurða gagnast við vinnslu og framlegðarútreikninga í kjötvinnslu og matreiðslu með minnkaðri sóun og upplýstum ákvörðunum um not mismunandi kjötmatsflokka og þyngda í vinnslu. Gögnin nýtast einnig kynbótastarfi þar sem val um ákjósanlega erfðaeiginleika grundvallast á bestu fánlegu gögnum hverju sinni. Til samanburðar má vísa í rannsókn á árangri EUROP kerfisins fyrir lambakjöt í Noregi (Johansen o.fl. 2006). Þessi rannsókn var mun viðameiri en sú úttekt sem greint er frá í þessari skýrslu.

Verkefnið var styrkt af Matvælasjóði. Icelandic Lamb ehf var styrkþegi og var Hafliði Halldórsson í forsvari fyrir verkefninu. Icelandic lamb ehf gerði samning við Matís um framkvæmd verkefnis. Óli Þór Hilmarsson annaðist sýnatöku, meðferð sýna, nákvæmisúrbeingu og val afurða í samráði við kjötiðnað og Icelandic lamb ehf. Ólafur Reykdal skipulagði efnamælingar, tók saman niðurstöður og skrifaði skýrslu. Guðjón Þorkelsson var til ráðgjafar í verkefninu og tók þátt í sýnatöku og skýrslugerð. Helgi Briem vann tölfræðiuppgjör. Starfsfólk efnagreininga Matís vann við efnamælingar.

2 Sýnataka og aðferðir

2.1 Sýnasöfnun

Lambakjötsskrokka var aflað í sláturtíð 2022. Sýni voru tekin í sláturhúsi SS á Selfossi og tvívegis í sláturhúsi SAH Afurða á Blönduósi. Grunneining sýna var þrjú skrokkar á hverjum sláturdegi í viðkomandi matsflokki. Tafla 1 sýnir fjölda lambaskrokka úr völdum matsflokkum. Valið var að taka sýni af 7 matsflokkum (E-3, U-3+, U-3, U-2, R-3, R-2 og U-2) sem náðu yfir 92% af framleiðslunni samkvæmt kjötmatinu 2021 (tafla 2). Fjórir matsflokkanna (U-3, U-2, R-3, R-2) náðu 80% framleiðslunnar. Í töflunni kemur einnig fram að hlutföll völdu matsflokkanna voru svipuð árið 2023. Fjöldi skrokka í úttektinni er 63 (3 sláturdagar × 3 skrokkar × 7 matsflokkar). Einar Kári Magnússon, fagsviðsstjóri hjá Matvælastofnun, útvegaði gögn um skiptingu lambakjöttsframleiðslunnar í matsflokka og staðfesti að valin sýni af skrokkum tilheyrðu réttum matsflokki. Einar hefur yfirumsjón með kjötmati á vegum Matvælastofnunar. Þyngd skrokka var skráð. Þyngdin var skráð eftir merkimiða á skrokk og þegar skrokkar voru klofnir eftir miðlínu voru hálfir skrokkar vigtaðir.

Tafla 1. Fjöldi sýna af lambaskrokkum eftir holdfyllingarflokkum og fituflokkum.

Holdfyllingar- flokkar	Fituflokkar					Samtals
	1	2	3	3+	4	
E			9			9
U		9	9	9		27
R		9	9			18
O		9				9
P						
Samtals		27	27	9		63

Tafla 2. Niðurstöður kjötmats fyrir allt landið 2021 og 2023. Hlutföll (%) matsflokka byggja á þyngd.

Matsflokkur	2021	2023
E 3	3,4	5,4
U 2	12,2	12,2
U 3	21,7	24,4
U 3+	5,5	6,3
R 2	30,5	27,0
R 3	15,9	14,7
O 2	3,2	1,9
Samtals	92,4	91,9

Sýrustig (pH) lambakjötsins var mælt í kjötsal sláturhúss 24 klst. eftir slátrun. Mælt var í hryggvöðva þannig að elektróðu mælisins var stungið á milli aftasta og næstaftasta rifs, innanvert á skrokknum (mynd 1). Niðurstöður sýrustigsmælinga eru í töflu 3. Sýrustig var 5,9 eða hærra í fjórum skokkum (6% af öllum skrokkum) en í þessum tilfellum eru vísbendingar um stress í lömbunum.



Mynd 1. Myndin sýnir hvar sýrustig var mælt í lambaskrokkum.

Tafla 3. Sýrustig (pH) í lambakjötskrokkum sem notaðir voru í verkefninu.

Sláturhús	Fjöldi skrokka	Meðaltal	Staðalfrávik	Lægst	Hæst
Blönduós 1	25	5,64	0,13	5,43	6,07
Blönduós 2	21	5,72	0,11	5,59	6,02
Selfoss	17	5,66	0,06	5,59	5,78
Allir skrokkar	63	5,67	0,11	5,43	6,07

Sýnataka á lambainnmat og öðrum hliðarafurðum fór fram í þremur sláturhúsum, hjá SS á Selfossi, KS á Sauðárkróki og Norðlenska á Húsavík. Sýna var aflað af lifrum, nýrum, hjörtum, lungum, eistum, vélindum, brisi, miltum, og blóði. Tekin voru sýni úr minnst fjórum lömbum í hverju sláturhúsi. Hvert sýni var 1 hjarta, 2 nýru o.s.frv. Sýnatökunni var dreift á einn sláturdag til að tryggja að öll sýnin komi ekki frá sama bænum. Ekki þurfti að taka allar tegundir sýna úr sama skrokknum. Bæjarheiti voru skráð. Sýnin voru fryst og síðan send til Matís. Sýnataka á Sauðárkróki fór fram 21.10.2022 og þann 24.10.2022 voru tekin viðbótarsýni af milta, brisi og gallblöðru. Sýnatöku á Húsavík lauk 3.10.2022. Sýni voru úr þessum póstnúmerum: 701, 607, 701, 641. Sýnataka á Selfossi náði til bæja í Flóa, Landeyjum og Ölfusi.

2.2 Nákvæmisúrbeining

Við hlutun á lambkjötsstykjum og afurðum var beitt *nákvæmisúrbeiningu*. Með því móti fengust niðurstöður fyrir kjöt, fitu, bein og sinar, en ekki alveg með sömu nákvæmni og ef um alkruftingu væri að ræða, en niðurstöður eru samt fullnægjandi fyrir fyrirhugaða notkun. *Alkrufting* byggir á því að krufið er eins nákvæmlega og unnt er í kjöt, fitu, bein og sinar af mikilli nákvæmni þar sem beinin eru fullhreinsuð af kjötinu og það síðan fituhreinsað af eins mikilli nákvæmni og kostur er. Við verkið eru notaðir sérstakir krufningshnífar og verkið því afar tímafrekt. Nákvæmisúrbeining er hins vegar nálgun við alkruftingu.

Lambkjötsstykki

Níu skrokkar í hverjum matsflokki (sjá töflu 1) voru klofnir eftir miðlínu og partaðir og hver partur vigtaður. Til að finna út hlutföll kjöts, fitu, beina og sina var hægri hluta skrokks skipt í frampart, hrygg, læri og slög, samkvæmt nánari lýsingu í Íslensku kjötbókinni⁴ og hver partur síðan nákvæmisúrbeinaður, afurðir vigtaðar og niðurstöður skráðar. Dæmi um nákvæmisúrbeingu má sjá fyrir lambahrygg á myndum 2 og 3.

Eftirfarandi mælingar voru framkvæmdar á hægri hluta skrokka:

Skrokkmál:

- Læri: Lengd læris með hækli, mesta ummál læris og mesta þvermál læris.
- Hryggir: Lengd hryggjar, breidd hryggjar, lengd frá miðlínu, lengd frá vöðva að skurðsári, fituþykkt ofan á miðjum hrygg, breidd hryggvöðva (A mál) og hæð hryggvöðva (B mál).
- Frampartar: Þykkt fitu við neðri enda herðablaðs, breidd, lengd og hæð.

Vigtanir: Skrokkar án umbúða, ófrosnir og fyrir úrbeiningu, hægra og vinstra læri, hægri og vinstri hluti hryggjar, slags og framparts. Notuð var Marel vog með nákvæmni upp á 1 g.

- Úr lærum: Úrbeinað læri, skanki, vinnsluefni, fita og bein.
- Úr hryggjum: Hryggvöðvi, lundir, vinnsluefni, bein, fita ofan á hryggvöðva og fita samtals.
- Úr slögum: Úrbeinuð snyrt slög og bein.
- Úr frampörtum: Úrbeinaður frampartur, fita og bein.

⁴ [Kjötbókin \(kjotbokin.is\)](http://kjotbokin.is)



Mynd 2. Hryggur úr E-3 kjötmatsflokki, skrokki nr. 1440 á Selfossi sláturdaginn 12.10.2022.



Mynd 3. Nákvæmisúrbeining. Hryggur úrbeinaður og afurðum skipt í bein, kjöt, sinar og fitu.

Lambakjötsafurðir

Annar hluti verkefnisins var að rannsaka þær afurðir sem eru algengar í dag, en voru það ekki í síðustu úttekt 2003-2004. Þar sem skrokkar, í hverjum kjötmatsflokki voru valdir eftir mismunandi þyngdarflokum, þá gefur það tækifæri á mismunandi útfærslum. Hér komu starfsmenn sláturleyfishafa að ákvarðanatöku og lögðu fram upplýsingar um mikilvægi einstakra þyngdarflokka og bita.

Valdar afurðir voru ljósmyndaðar í það miklum gæðum að hægt verður að nota myndirnar í prentverk og rafræna birtingu. Val og hlutun skrokka fór fram í sláturhúsum en nákvæmisúrbeining, úrbeining í afurðir, myndataka og efnagreining fór fram í aðstöðu Matís í Reykjavík.

2.3 Sýnavinnsla fyrir efnamælingar

Öll kjötsýni voru gerð einsleit í vinnsluaðstöðu Matís í Reykjavík. Eftir nákvæmisúrbeiningu á lambakjötsstykkjum var kjöt og fita sameinuð í sýni sem var grófhakkað í hakkavél (myndir 4 og 5). Síðan voru sýni flutt í farsvél sem gerði sýnin mjög vel einsleit (mynd 6). Loks voru teknir skammtar úr einsleita sýninu og þeir settir í blandara sem blandaði skömmtunum saman og gerði sýnið enn frekar einsleitt. Sýni voru fryst í plastdósum fyrir efnamælingar.

Nákvæmisúrbeining á lambakjötsstykkjum skilaði niðurstöðum fyrir 252 sýni (4 stykki × 7 matsflokkar × 9 skrokkar). Vegna kostnaðar var ekki mögulegt að gera efnamælingar á svo mörgum sýnum. Því voru sýni úr öllum skrokkum sameinuð fyrir hvert stykki og matsflokk. Sýni til efnamælinga voru því 28 (4 stykki × 7 matsflokkar).

Nákvæmisúrbeining á lambakjötsafurðum var unnin fyrir þrjú sýni af hverri afurð. Hvert sýni var úr einum skrokki en sýnin þrjú fyrir hverja tegund afurðar voru alltaf úr sama þyngdarflokki en gátu verið úr mismunandi matsflokkum. Um var að ræða 27 tegundir af afurðum. Sýnin þrjú fyrir hverja afurð voru sameinuð í eitt sýni fyrir efnamælingar.



Mynd 4. Eftir úrbeiningu og viktun í kjöt, fitu, bein og sínar var kjöt og fita hökkuð saman.




Mynd 5. Sýni eftir fyrstu hökkun.



Mynd 6. Eftir hökkun í hakkavél var hakkinu komið í farsvél til frekari blöndunar.



Mynd 7. Eftir blöndun í farsvél var blöndunni komið í blandara þar sem sýnið var gert einsleitt.



Mynd 8. Að blöndun lokinni var sýnið sett í fjórar plastdósir, merktar sýninu og auk þess númeraðar frá 1 til 4.

Lambainnmatgur og hliðarafurðir

Sýni voru snyrt og aukavefir fjarlægðir. Fituvefur utan á hjörtum var látinn halda sér eins og gert er við matreiðslu. Efstu og neðstu hlutar af eistum voru skornir af ásamt himnu og fituvef sem fylgdi. Vélinda voru snyrt og efsti hluti með gor skorinn af eins og hægt var. Allur fituvefur var hreinsaður af nýrum. Vambir var ekki hægt að gera einsleitar í venjulegri kvörn og því var farin sú leið að skera um það bil

þriðjung úr hverri vömb til að vinna áfram. Sneiðarnar voru síðan skornar í smærri bita og frystar á plötu. Loks var sýnið frostþurrkað fyrir mælingar.

Tafla 4. Upplýsingar um sýni af lambainnmat og hliðarafurðum. Sýnum hvernar tegundar var blandað saman og búið til eitt safnsýni. Meðalþyngd sýnis á við eina lifur, tvö nýru o.s.frv.

Tegund	Fjöldi sýna	Skilgreining sýnis	Meðalþyngd sýnis g
Lifur	16	1 lifur	445
Nýru	16	2 nýru	84
Hjörtu	16	1 hjarta	155
Lungu	16	annað lungað	113
Eistu	9	2 eistu	191
Vömb	12	sneið úr 1 vömb	162
Vélinda	12	1 vélinda	12
Bris	21	1 bris	20
Milta	24	1 milta	36
Blóð	16	um 250 mL	250

2.4 Aðferðir við efnamælingar

Mælingar voru gerðar hjá Matís nema mælingar á vítamínum sem voru gerðar hjá Eurofins í Þýskalandi.

Meginefni

Prótein var reiknað út frá heildarmagni köfnunarefnis (köfnunarefni * 6,25) sem var mælt með aðferð Dumas.⁵ Sýnum var breytt í gas í hitunarglasi. Köfnunarefnissamböndum í gasinu var breytt í köfnunarefni á sameindaformi. Stuðullinn 6,25 var notaður fyrir öll sýni. Reglugerðin um miðlun upplýsinga (Nr. 1294 / 2014)⁶ tiltekur þennan stuðul fyrir merkingar á næringargildi en þessi stuðull er almennt notaður fyrir kjöt.

⁵ ISO 16634-1:2008 (E).

⁶ Reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Nr. 1294/2014. [1294/2014 – Reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. \(island.is\)](https://www.island.is/1294/2014-Reglugerð-um-miðlun-upplýsinga-um-matvæli-til-neytenda)

Fita í lambkjötsstykkjum var ákvörðuð með petroleum eter útdrætti eftir sýruhýdrólýsu.⁷ Þessi aðferð losar um efni sem binda fituna svo hún leysist upp í petroleum eter sem er fjarlægður. Við mælingar á fitu í innmat og hliðarafurðum var sýruhýdrólýsu sleppt en framkvæmdin var að öðru leyti eins.

Aska. Aðferðin mældi sem ösku það sem eftir varð eftir glæðingu og hitun í ofni við 550°C samkvæmt lýsingu í ISO aðferð 5984.⁸ Í stað 5 g voru vigtuð út um 2 g af sýni.

Vatn. Aðferðin fólst í þurrkun sýnis og var massatapið reiknað sem vatn í upphaflega sýninu.⁹ Þurrkað var við 103 ± 2 °C í 4 klst.

Fitusýrur

Byrjað var á að metýlera fitu sem hafði verið einangruð með aðferð Bligh og Dyer.¹⁰ Metýleringin var framkvæmd samkvæmt AOCS aðferð Ce1b-89 (97).¹¹ Fita var vigtuð í tilraunaglas, bætt var í natríum hýroxíðlausn og hitað í 100 °C. Bætt var í bórtríklóríði í metanóli og hitað áfram. Síðan var bætt í staðli og sýnið loks sett í lítið hettuglas fyrir inndælingu á súlu gasgreinis.

Við greiningu á fitusýrumetýlesterum var notaður gasgreinir af gerðinni Varian 3900 GC með 30 m súlu (fused silica capillary column, Omega Wax™ 250, 30 m × 25 mm × 25 mm µm film), loganema (e. flame ionisation detector) og gagnavinnslukerfi. Helíum var notað sem burðargas. Framkvæmdin var samkvæmt AOAC aðferð 996.06.¹² Toppar fitusýrumetýlesterar voru greindir samkvæmt stöðlum. Niðurstöður voru hlutföll (%) fitusýrumetýlesterar (fitusýrumetýlesterar sem hlutfall af heildarmagni fitusýrumetýlesterar).

Ólífræn efni

Eftir að sýni hafði verið hakkað og gert einsleitt var það frostþurrkað. Síðan var það brotið niður með hitun í sýru í örbylgjuofni (UltraWave, Milestone). Aðferðin sem notuð var við niðurbrot sýnanna var

⁷ NMKL aðferð nr. 160,1998.

⁸ ISO, 2022. Animal feeding stuffs – Determination of crude ash. ISO Standard 5984. Geneva, Switzerland: The International Organization for Standardization.

⁹ ISO, 1999. Determination of moisture and other volatile matter content. ISO Standard 6496. Geneva, Switzerland: The International Organization for Standardization.

¹⁰ Bligh, E.G. and Dyer, W.S., 1959. A rapid method of total lipid extraction and purification. Can. J. Biochem. and Physiol. 37: 911.

¹¹ AOCS, 1997. Fatty acid composition by GLC. Marine oils. A.O.C.S. Official Method Ce 1b-89. Official Methods and Recommended Practices of the AOCS. American Oil Chemists' Society. Champaign, Illinois, USA.

¹² AOAC, 2005. Fat (Total, saturated, and unsaturated) in foods. In K. Helrich (Ed.), Official Methods of Analysis of the Association of Official Analytical Chemists. AOAC Official Method 996.06. Association of Official Analytical Chemists, Arlington, USA.

byggð á aðferð Sloth¹³ og aðferðalýsingu NMKL númer 186-2007.¹⁴ Vigtuð voru 150-200 mg (nákvæmni upp á 0,1 mg) í þar til gerð niðurbrotshylki og bætt var við 1 ml af saltpéturssýru og 1 ml af vetnisðperoxíði. Hylkjunum var lokað og þau sett í örbylgjuofn þar til sýnið var brotið niður og aðeins tær vökvi var eftir. Að loknu niðurbroti voru sýnin færð í 50 ml pólyprópylen glös og þynnt að 50 ml. Steinefnin voru því næst mæld í ICP-massagreini (ICP-MS, Inductively coupled plasma mass spectrometer). Gerð tækis var Agilent 7900 (Agilent Technologies, Waldbronn, Þýskaland). Með hverri mælikeyrslu voru keyrð viðmiðunarsýni með þekktan styrk efna til að fylgjast með gæðum mælinganna. Með sýnum voru greind tóm sýni (blankar) til að fylgjast með mögulegri bakgrunnsmengun innan rannsóknastofunnar og mengun sem gæti orsakast af meðhöndlun sýna.

Vítamín

Mælingar á B₁- og B₁₂-vítamínum ásamt fólati voru gerðar á vegum Eurofins WEJ GmbH í Hamborg í Þýskalandi sem lét faggildan undirverktaka vinna mælingarnar. B₁-vítamín var mælt samkvæmt aðferð EN 14122-2014 með breytingum, og byggt var á LC-FLD. B₁₂-vítamín var mælt samkvæmt: J. AOAC 2008, vol 91 No 4 sem byggði á LC-UV/DAD. Fólat var mælt með aðferð NMKL 111: 1985, 870 sem byggir á nephelometry.

2.5 Tölfræðigreining

R-tölfræðiforritið var notað fyrir tölfræðigreiningu. Beitt var einþátta fervikagreiningu (e. one-way analysis of variance) til að kanna mun á milli flokka.

¹³ Sloth, J.J., K. Julshamn, A.K. Lundebye, 2005. Total arsenic and inorganic arsenic content in Norwegian fish feed products. *Aquaculture Nutrition* 11: 61-66.

¹⁴ Nordisk Metodikkomiteé for Næringsmidler (NMKL), 2007. Trace elements – As, Cd, Hg, Pb and other elements. Determination by ICP-MS after pressure digestion. Method no. 186-2007.

3 Niðurstöður – Nákvæmisúrbeining

3.1 Lambkjötsstykki

Í þessum kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum nákvæmisúrbeiningar á lærum, frampörtum, hryggjum og slögum. Fyrst er birt yfirlitstafla (tafla 5) um hlutföll kjöts, fitu og beina fyrir samanlagða þyngd stykkjanna eftir kjötmatsflokkum. Síðan kemur ýtarlegri tafla með upplýsingum um rýrnun (tafla 6). Þá er gerð grein fyrir niðurstöðum tölfræðigreiningar (töflur 7 til 11) og loks koma töflur þar sem hvert stykki fær eina blaðsíðu (töflur 12 til 23). Í töflum 24-25 eru niðurstöður mælinga á skrokkmálum.

Tafla 5. Hlutföll kjöts, fitu og beina í lambaskrokkum eftir matsflokkum. Byggt er á samandregnum gögnum fyrir læri, framparta, hryggi og slög. Fjöldi skrokka er 63.

Mats- flokkur	Kjöthlutfall (%)		Fituhlutfall (%)		Beinahlutfall (%)	
	Meðaltal	Staðalfrávik	Meðaltal	Staðalfrávik	Meðaltal	Staðalfrávik
E-3	61,5	2,01	15,2	2,14	16,3	0,98
U-2	62,2	2,65	12,9	2,78	17,3	1,50
U-3	60,1	1,99	16,4	2,49	16,6	1,02
U-3+	54,9	2,43	23,0	3,03	16,3	1,32
R-2	58,7	2,66	14,5	2,91	18,8	0,95
R-3	56,0	1,60	19,4	2,20	17,3	1,03
O-2	59,2	1,70	11,8	2,34	21,1	0,90

Í töflu 6 eru teknar saman ítarlegar niðurstöður eftir kjötmatsflokkum og jafnframt fyrir öll sýni. Kjötnýting (kjöthlutfall) fyrir lambaskrokkana í heild var 59,0 (50,7-67,3)%, fituhlutfall var 16,2 (9,7-28,0)%, hlutfall beina var 17,7 (13,4-22,1)% og hlutfall sina var 6,3 (4,4-8,1)%. Rýrnun var að meðaltali 1,1%.

Síðasta sambærileg úttekt á lambakjötsmati var unnin á árunum 2004-2005. Þá var meðalkjötnýting lambaskrokka 59,6%, lægst 47,7% og hæst 74,6% (Ásbjörn Jónsson og Óli Þór Hilmarsson 2007). Nýtingin var reiknuð fyrir hvern part skrokksins en allir partar skrokksins dregnir saman til að fá niðurstöður fyrir skrokkinn í heild sinni. Fituhlutfallið var að meðaltali 18,8% og beinahlutfallið var 17,7%. Sinar (afskurður) eru því aðeins 3,9% og rýrnun er ekki tekin með. Athyglisvert er að fituhlutfallið er nú tveimur prósentum lægra en í úttektinni 2004-2005. Ef rýrnun er sleppt fyrir útreikninga í töflu 6 verður kjötnýtingin nánast hin sama í báðum úttektum. Samantekt á ensku var tekin saman fyrir Icelandic Lamb ehf 2020 (Ólafur Reykdal og Óli Þór Hilmarsson 2020).

Tafla 6. Skipting (%) samanlagðrar þyngdar læra, hryggja, framparta og slaga í kjöt, fitu, bein og sinar. Skrokkþyngd (kg) er birt til hliðsjónar. Uppgefin rýrnun er það sem vantar upp á 100% og er vegna taps við úrbeiningu. Fjöldi skrokka fyrir hvern matsflokk er 9 og heildarfjöldi skrokka er 63. Tveimur rýrnunargildum var sleppt vegna of mikils fráviks.

Matsflokkur		Skrokkþyngd kg	Kjöt %	Fita %	Bein %	Sinar %	Rýrnun alls %
E-3	Meðaltal	19.160	61,5	15,2	16,3	6,1	1,2
	Staðalfráv.	1.777	2,0	2,1	1,0	0,5	0,6
	Lægst	17.900	59,6	11,0	14,8	5,4	0,9
	Hæst	22.700	65,6	18,4	17,7	6,9	2,5
U-3+	Meðaltal	20.169	54,9	23,0	16,3	4,8	1,1
	Staðalfráv.	1.820	2,4	3,0	1,3	0,3	0,3
	Lægst	18.120	50,7	17,6	13,4	4,4	0,7
	Hæst	24.300	59,2	28,0	17,9	5,4	1,6
U-3	Meðaltal	19.164	60,1	16,4	16,6	5,8	1,1
	Staðalfráv.	975	2,0	2,5	1,0	1,1	0,2
	Lægst	17.600	56,7	13,9	14,9	4,4	0,8
	Hæst	20.700	62,3	21,6	17,8	8,1	1,3
U-2	Meðaltal	15.496	62,2	12,9	17,3	6,6	0,9
	Staðalfráv.	823	2,6	2,8	1,5	0,7	0,1
	Lægst	14.320	59,6	9,7	14,8	5,6	0,8
	Hæst	16.800	67,3	17,6	19,0	7,8	1,1
R-3	Meðaltal	15.838	56,0	19,4	17,3	6,8	1,2
	Staðalfráv.	893	1,6	2,2	1,0	0,7	0,1
	Lægst	13.860	53,8	15,7	15,4	5,9	1,1
	Hæst	16.700	58,5	22,1	19,0	7,7	1,3
R-2	Meðaltal	13.851	58,7	14,5	18,8	6,9	1,2
	Staðalfráv.	754	2,7	2,9	0,9	0,5	0,3
	Lægst	12.920	55,5	9,7	17,2	6,3	0,7
	Hæst	15.440	62,2	18,4	20,2	7,7	1,6
O-2	Meðaltal	13.578	59,2	11,8	21,1	7,1	0,9
	Staðalfráv.	3.476	1,7	2,3	0,9	0,5	0,4
	Lægst	11.240	56,2	9,7	19,6	6,5	0,0
	Hæst	22.600	61,3	16,4	22,1	7,7	1,2
Allt	Meðaltal	16.751	59,0	16,2	17,7	6,3	1,1
	Staðalfráv.	3.032	3,3	4,4	1,9	1,0	0,3
	Lægst	11.240	50,7	9,7	13,4	4,4	0,0
	Hæst	24.300	67,3	28,0	22,1	8,1	2,5

Í töflum 7-11 eru teknar saman niðurstöður tölfræðigreiningar. Sjá má yfirlit um áhrif holdfyllingar- og fituflokka á hlutfall kjöts, fitu og beina lambaskrokka. Athyglisvert er að marktækur munur kemur fram fyrir fituhlutfallið í holdfyllingarflokkum U og R eftir fituflokkum. Þetta styður það að kjötmatið sé rétt unnið. Ýtarlegri upplýsingar um tölfræðigreininguna eru í viðauka 3.

Tafla 7. Kjöthlutfall (%) eftir holdfyllingar- og fituflokkum. Mismunandi bókstafir tákna marktækan mun ($p < 0,05$).

Holdfyllingarflokkar	Fituflokkar		
	2	3	3+
E		61,5 ^a	
U	62,2 ^a	60,1 ^a	54,9 ^c
R	58,7 ^b	56,0 ^c	
O	59,2 ^b		

Skrokkarnir skiptust í þrjá hópa eftir % kjöti. Hæst % kjöt var í flokkum E-3, U-2 og U-3 og lægst í flokkum R-3 og U-3+. Flokkarnir R-2 og O-2 voru þar á milli.

Fituhlutfallið fer á afgerandi hátt eftir fituflokkum í íslensku útfærslunni á EUROP matinu (Sjá myndir V3-2 og V3-3 í viðauka 3). Munur á 3 og 3+ er miklu meiri en á undirflokkum 2 og 3 (tafla 8). Holdfylling hafði svo meiri áhrif en fituflokkur á hlutfall beina í lambaskrokkum.

Tafla 8. Fituhlutfall (%) eftir holdfyllingar- og fituflokkum. Mismunandi bókstafir tákna marktækan mun ($p < 0,05$).

Holdfyllingarflokkar	Fituflokkar		
	2	3	3+
E		15,2 ^b	
U	12,9 ^a	16,4 ^b	23,0 ^c
R	14,5 ^a	19,4 ^b	
O	11,8 ^a		

Tafla 9. Beinahlutfall (%) eftir holdfyllingar- og fituflokkum. Mismunandi bókstafir tákna marktækan mun ($p < 0,05$).

Holdfyllingarflokkar	Fituflokkar		
	2	3	3+
E		16,3 ^a	
U	17,2 ^a	16,6 ^a	16,3 ^a
R	18,8 ^b	17,3 ^{ab}	
O	21,1 ^c		

Holdfylling lýsir magni og lögun vöðva og fitu utan á beinum í skrokkunum. Í töflum 10 og 11 sést að holdfyllingarflokkur og líka fituflokkur hefur áhrif á hlutfall vöðva (kjöts) og fitu.

Tafla 10. Hlutfall kjöts og fitu í lambaskrokkum eftir kjötmatsflokkum

Matsflokkur	Meðaltal	Staðalfrávik
E-3	76,7	1,04
U-2	75,1	2,03
U-3	76,6	1,57
U-3+	77,9	1,36
R-2	73,1	1,18
R-3	75,4	1,80
O-2	70,9	1,05

Tafla 11. Kjöt og fita. Hlutfall (%) eftir holdfyllingar- og fituflokkum. Mismunandi bókstafir tákna marktækan mun ($p < 0,05$).

Holdfyllingarflokkar	Fituflokkar		
	2	3	3+
E		76,7 ^e	
U	75,1 ^{be}	76,6 ^e	77,9 ^c
R	73,1 ^b	75,4 ^d	
O	70,9 ^a		

Hlutfallið er marktækt lægst í flokknum 0-2 og hæst í flokknum U-3+. Þar munar mest um hlutfall fitu því hlutfall kjöts var töluvert hærra í 0-2 en U 3+. Holdfyllingarflokkur hefur greinleg áhrif þótt munurinn á flokkum E og U hafi ekki verið marktækur.

Í töflum 12 til 23 er gefið yfirlit um skiptingu læra, framparta, hryggja og slaga í kjöt, fitu, bein og sinar (grömm og hlutföll). Kjötning var á bilinu 61-73% í lærum, 50-68% í frampörtum, 45-72% í hryggjum og 34-62% í slögum. Meðalkjötningin var hæst í matsflokknum U-2 nema fyrir framparta þar sem nýtingin var heldur hærri í E-3. Innan holdfyllingarflokkanna U og R kemur glögg fram hvernig hlutfall fitu breytist í samræmi við skilgreiningar á fituflokkum. Áhrifin eru meiri á hryggi og slög en framparta og læri. Niðurstöður fyrir öll sýni má skoða í viðaukum 1 og 2.

Lambalæri

Tafla 12. Skipting lambalæra í kjöt, fitu, bein og sinar eftir matsflokkum. Gildi eru meðaltöl fyrir 9 sýni í hverjum matsflokki.

Mats- flokkur	Þyngdir (grömm)				Hlutföll (%)			
	Kjöt	Fita	Bein	Sinar	Kjöt	Fita	Bein	Sinar
E-3	2259	296	537	227	67,1	8,9	16,0	6,7
U-3+	2128	442	560	205	63,2	13,1	16,6	6,1
U-3	2184	345	526	154	67,1	10,6	16,2	4,8
U-2	1864	208	458	151	68,9	7,7	16,9	5,6
R-3	1708	300	457	175	63,9	11,2	17,1	6,6
R-2	1561	203	443	148	65,8	8,5	18,6	6,2
O-2	1455	158	440	130	66,0	7,2	20,0	5,9

Tafla 13. Skipting allra sýna af lambalærum í kjöt, fitu, bein og sinar (grömm).

	Þyngd, þítt g	Kjöt g	Fita g	Bein g	Sinar g	Summa g
Meðaltal	2848	1880	279	489	170	2817
Staðalfrávik	494	336	108	63	43	485
Lægst	1931	1279	108	390	104	1918
Hæst	4057	2856	592	678	325	4004
Fjöldi	63	63	63	63	63	63

Tafla 14. Skipting allra sýna af lambalærum í kjöt, fitu, bein og sinar (hlutföll, %).

	Kjöt %	Fita %	Bein %	Sinar %	Summa %
Meðaltal	66,0	9,6	17,4	6,0	98,9
Staðalfrávik	2,6	2,7	1,7	1,1	0,4
Lægst	60,7	5,1	14,2	3,1	98,2
Hæst	73,2	16,2	21,8	8,0	100,6
Fjöldi	63	63	63	63	63

Lambaframpartar

Tafla 15. Skipting lambaframparta í kjöt, fitu, bein og sinar eftir matsflokkum. Gildi eru meðaltöl fyrir 9 sýni í hverjum matsflokki.

Mats- flokkur	Þyngdir (grömm)				Hlutföll (%)			
	Kjöt	Fita	Bein	Sinar	Kjöt	Fita	Bein	Sinar
E-3	2123	587	672	172	59,5	16,5	18,9	4,8
U-3+	2048	874	699	132	54,0	23,0	18,4	3,5
U-3	2154	612	675	193	58,8	16,7	18,4	5,3
U-2	1694	429	559	176	58,9	14,9	19,4	6,1
R-3	1578	562	564	186	54,1	19,3	19,3	6,4
R-2	1459	391	535	178	56,3	15,1	20,7	6,8
O-2	1339	318	549	155	56,2	13,3	23,0	6,5

Tafla 16. Skipting allra sýna af lambaframpörtum í kjöt, fitu, bein og sinar (grömm).

	Þyngd, þítt g	Kjöt g	Fita g	Bein g	Sinar g	Summa g
Meðaltal	3113	1771	539	608	170	3088
Staðalfrávik	578	354	191	93	34	578
Lægst	2128	1150	230	471	84	2111
Hæst	5039	2769	1140	925	291	5004
Fjöldi	63	63	63	63	63	63

Tafla 17. Skipting allra sýna af lambaframpörtum í kjöt, fitu, bein og sinar (hlutföll, %).

	Kjöt %	Fita %	Bein %	Sinar %
Meðaltal	56,8	17,0	19,7	5,6
Staðalfrávik	3,2	3,8	2,0	1,3
Lægst	49,8	10,4	14,8	2,4
Hæst	68,1	27,2	25,3	7,8
Fjöldi	63	63	63	63

Lambahryggir

Tafla 18. Skipting lambahryggja í kjöt, fitu, bein og sinar eftir matsflokkum. Gildi eru meðaltöl fyrir 9 sýni í hverjum matsflokki.

Mats- flokkur	Þyngdir (grömm)				Hlutföll (%)			
	Kjöt	Fita	Bein	Sinar	Kjöt	Fita	Bein	Sinar
E-3	885	299	233	65	58,8	20,0	15,6	4,4
U-3+	833	511	277	47	49,6	30,4	16,3	2,7
U-3	818	333	255	53	55,4	22,5	17,2	3,6
U-2	739	225	218	50	59,1	18,1	17,4	4,0
R-3	674	373	235	51	52,3	29,3	18,1	4,0
R-2	596	231	216	49	53,6	20,9	19,4	4,3
O-2	525	172	217	43	54,7	18,0	22,4	4,4

Tafla 19. Skipting allra sýna af lambahryggjum í kjöt, fitu, bein og sinar (grömm).

	Þyngd, þítt g	Kjöt g	Fita g	Bein g	Sinar g	Summa g
Meðaltal	1329	724	306	236	51	1317
Staðalfrávik	264	145	113	52	12	253
Lægst	768	420	117	136	21	795
Hæst	2009	1184	587	434	79	1979
Fjöldi	63	63	63	63	63	63

Tafla 20. Skipting allra sýna af lambahryggjum í kjöt, fitu, bein og sinar (hlutföll, %).

	Kjöt %	Fita %	Bein %	Sinar %	Summa %
Meðaltal	54,8	22,8	18,0	3,9	99,5
Staðalfrávik	5,4	6,1	3,5	0,8	6,0
Lægst	44,5	13,6	11,9	1,3	97,1
Hæst	71,5	46,0	28,8	5,7	146,0
Fjöldi	63	63	63	63	63

Lambaslög

Tafla 21. Skipting lambaslaga í kjöt, fitu, bein og sinar eftir matsflokkum. Gildi eru meðaltöl fyrir 9 sýni í hverjum matsflokki.

Mats- flokkur	Þyngdir (grömm)				Hlutföll (%)			
	Kjöt	Fita	Bein	Sinar	Kjöt	Fita	Bein	Sinar
E-3	575	247	102	117	54,2	23,8	9,7	11,2
U-3+	536	505	112	103	42,6	39,1	8,8	8,3
U-3	521	263	107	143	50,2	24,6	10,2	13,9
U-2	434	116	85	125	56,6	14,8	11,2	16,2
R-3	431	282	98	117	45,6	30,0	10,5	12,6
R-2	365	156	86	93	51,5	21,6	12,0	13,2
O-2	304	72	86	106	52,9	12,4	15,0	18,4

Tafla 22. Skipting allra sýna af lambaslögum í kjöt, fitu, bein og sinar (grömm).

	Þyngd, þítt g	Kjöt g	Fita g	Bein g	Sinar g	Summa g
Meðaltal	910	452	234	97	115	898
Staðalfrávik	256	114	154	22	32	254
Lægst	481	225	25	56	46	477
Hæst	1598	778	800	181	203	1586
Fjöldi	63	63	63	63	63	63

Tafla 23. Skipting allra sýna af lambaslögum í kjöt, fitu, bein og sinar (hlutföll, %).

	Kjöt %	Fita %	Bein %	Sinar %	Summa %
Meðaltal	50,5	23,8	11,0	13,4	98,7
Staðalfrávik	6,0	10,2	2,4	4,3	0,4
Lægst	33,7	4,9	7,0	4,0	97,6
Hæst	61,7	50,1	16,9	23,5	99,5
Fjöldi	63	63	63	63	63

Skrokkmál

Í töflum 24 og 25 eru teknar saman niðurstöður mælinga á skrokkmálum fyrir lambalæri og lambahryggi.

Tafla 24. Skrokkmál fyrir lambalæri eftir matsflokkum. Gildi eru meðaltöl fyrir 9 sýni í hverjum matsflokki.

Matsflokkur		Lengd cm	Breidd cm	Ummál cm
E-3	Meðaltal	45,3	17,4	43,4
	Staðalfrávik	0,8	0,8	1,6
	Lægst	44,5	16,0	41,5
	Hæst	47,0	19,0	46,0
U-3+	Meðaltal	46,7	17,3	43,3
	Staðalfrávik	1,9	1,3	2,0
	Lægst	44,0	14,0	41,0
	Hæst	50,0	18,5	47,5
U-3	Meðaltal	46,3	16,7	42,9
	Staðalfrávik	2,0	0,9	1,2
	Lægst	43,0	15,0	41,0
	Hæst	50,0	18,0	44,5
U-2	Meðaltal	43,6	16,3	40,2
	Staðalfrávik	2,7	0,8	1,3
	Lægst	38,0	15,0	38,0
	Hæst	46,5	18,0	42,5
R-3	Meðaltal	45,4	15,9	40,3
	Staðalfrávik	1,6	0,9	1,1
	Lægst	43,0	14,5	38,0
	Hæst	48,0	17,5	42,0
R-2	Meðaltal	44,6	15,6	37,8
	Staðalfrávik	1,7	1,0	1,3
	Lægst	42,0	14,0	36,5
	Hæst	47,0	18,0	41,0
O-2	Meðaltal	45,1	14,8	35,9
	Staðalfrávik	2,0	0,6	1,0
	Lægst	42,0	14,0	34,0
	Hæst	48,0	16,0	38,0

Tafla 25. Skrokkmál fyrir lambahryggi eftir matsflokkum. Gildi eru meðaltöl fyrir 9 sýni í hverjum matsflokki.

Matsflokkur		Lengd cm	Breidd frá miðlínu cm
E-3	Meðaltal	31,4	12,2
	Staðalfrávik	1,7	0,7
	Lægst	29,0	11,0
	Hæst	34,0	13,5
U3+	Meðaltal	33,5	12,2
	Staðalfrávik	1,4	0,7
	Lægst	31,0	11,0
	Hæst	36,0	13,0
U-3	Meðaltal	32,6	12,1
	Staðalfrávik	1,5	0,9
	Lægst	30,0	10,5
	Hæst	35,0	13,0
U-2	Meðaltal	30,6	12,3
	Staðalfrávik	1,3	0,8
	Lægst	29,0	11,0
	Hæst	33,0	13,5
R-3	Meðaltal	32,5	12,4
	Staðalfrávik	1,4	0,5
	Lægst	31,0	11,5
	Hæst	35,0	13,5
R-2	Meðaltal	31,6	12,1
	Staðalfrávik	1,1	0,4
	Lægst	29,0	11,5
	Hæst	33,0	13,0
O-2	Meðaltal	29,4	12,0
	Staðalfrávik	1,3	0,7
	Lægst	27,5	11,0
	Hæst	31,0	13,0

3.2 Lambkjötsafurðir

